

Annar fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn fimmtudaginn 10. október, 2013, klukkan 19:30 á heimili Sigríðar Jónsdóttur (Sirrýjar) að Mánatúni 4.

Að þessu sinni var okkur boðið heim til Sirrýjar í tilefni af 80 ára afmæli hennar í ágúst. Hertha og Ingibjörg sögðu okkur frá Evrópuþinginu í Amsterdam. Þær Ingibjörg Jónasdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir voru með orð til umhugsunar um afmælisbarnið og sögðu okkur frá kynnum sínum af henni og afmælisbarnið sjálft deildi með okkur eftirminnilegum stundum í Delta Kappa Gamma.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir, María Pálmadóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnar, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Björnsdóttir.

Tekið fyrir:

Fundarsetning Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund kl. 19:30, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 18 konur fundinn

Hertha W. Jónsdóttir sagði okkur frá Evrópuþinginu sem haldið var í ágúst í Amsterdam, afhenti okkur félagatal DKG á Íslandi og skilaði góðri kveðju frá Ingibjörgu Einarsdóttur, sem stödd var í Brussel. Evrópuþingin eru haldin annað hvert ár í oddatölu. Hún sagðist sakna mjög ungu kvennanna á þingin. Hertha stiklaði á stóru um sögu Delta Kappa Gamma og sagði að markmið samtakanna hafi upphaflega verið og væri enn að auka menntun og möguleika kvenna til að mennta sig. Hertha hvatti okkur allar til að fjölmenna á næsta Evrópuþing sem haldið verður í Svíþjóð í ágúst 2015. Að lokum færði hún Sirrý rós frá þinginu, sem var þegar nánar var að gáð, ekki rós heldur innkaupapoki. Þessi skemmtilega gjöf vakti mikla kátínu okkar.

Ingibjörg Jónasdóttir er að fara á Forum aðalfund um mánaðamótin og lét dagskrá fundarins ganga.

Orð til umhugsunar Ingibjörg Jónasdóttir gekk út frá bókinni Líf og listir í kennslu eftir K S Stanislavskí, en þar segir hann meðal annars frá endurminningum sínum frá barnaskólaárunum. Hann segir börnin ekki hafa verið frædd um listrænar aðferðir, vantaði umgjörð og skapandi kennsluaðferðir. Börnin horfðu á það sem sýnt var, hlustuðu á kennarann og urðu þannig vasaútgáfa af kennurunum.

Ingibjörg óskaði Sirrý innilega til hamingju með árin 4x20. Hún hefur þekkt hana alla tíð og væntumþykjan skein úr hverju orði. Hún lýsti kennaranum, fræðimanninum, DKG konunni og vinkonunni Sirrý. Hún sagði hana hafa verið afskaplega góðan kennara, mikinn leiðtoga í fræðslumálum. Ingibjörg sagði Evrópuþingið sem haldið var á Íslandi árið 2003, undir stjórn Sirrýjar, enn í minnum haft hér heima og erlendis, það hafi verið fróðlegt, skemmtilegt og einstaklega vel skipulagt.

Að lokum flutti Ingibjörg okkur ljóðið *Hrein Lína* eftir Pete Hein í þýðingu Helga Hálfðánarsonar.

Sigrún Aðalbjarnardóttir Sigrún lýsti fjölskyldukonunni, framkvæmdakonunni, félagslyndu konunni, samstarfskonunni og vinkonu sinni Sirrý. Þær hafa þekkt í um 40 ár, urðu fljótt góðar vinkonur og sú vinátta hefur verið Sigrúnu mikils virði. Þær kynntust í menntamálaráðuneytinu þar sem þær unnu saman námskrá í samfélagsfræði ásamt fleirum, voru saman með tilraunanámsefni og námskeið um allt land. Í stuttu máli var lýsing hennar á Sirrý svona: Hún er ákveðin kona, fylgin sér, virðuleg, falleg, framkvæmdakona, róleg, yfirveguð, trygglynd, traust, hlý og orðvör. Hún er mikil fjölskyldukona, nefndi hve þau hjónin gættu þess að finna stundir saman, væru til fyrirmyndar í því efni, hún heldur líka einstaklega vel utan um fólkið sitt. Sigrún þakkaði Sirrý fyrir að mæla með sér í Gammadeild og sagðist stolt af því að vera hluti af þessum kröftuga hópi valkyrja og minnst þess hve eldri konurnar í hópnum hafi kennt henni margt.

Virðingin, vináttan og væntumþykjan lýsti af hverju orði þeirra Ingibjargar og Sigrúnar í garð vinkonu sinnar, svo mikið að unun var á að hlýða.

Sigríður Jónsdóttir/Sirrý byrjaði á að þakka okkur öllum kærlega fyrir komuna og fyrir falleg orð í sinn garð. Hún sagði fyrstu kynni sín af DKG hafa verið þegar hún stundaði nám í Berkeley í Californíu árið 1976 þar sem stúderaði samfélagsfræði. Þar kynntist hún góðri konu sem bauð henni á DKG fund rétt

fyrir jólin þar sem hver einasta kona fékk lítinn jólapakka. Hún var svo tekin inn í DKG á Íslandi árið 1981 og var Hertha þá formaður Gammadeildar. Hún sagðist vera afar stolt af að hafa verið tekin inn, þó engan hafi hún fengið jólapakkann, og minnst þess að fundirnir hafi verið mjög skemmtilegir, konurnar virkar, kynntu sér t.d. lagafrumvörp og höfðu áhrif á þau. Sirrý var formaður Gammadeildar frá 1986-1988 en þá beitti deildin sér m.a. fyrir áhrifum sjónvarps á börn. Evrópuþingið var haldið á Íslandi árið 2003 en undirbúningurinn hófst árið 2000 þegar settur var á stofn stýrihópur sem hafði það hlutverk að undirbúa þingið. Í honum voru m.a. Sigrún Klara Hannesdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Áslaug Brynjólfssdóttir. Þær fengu með sér rúmlega 50 konur í alls kyns nefndir. Yfirskrift þingsins *vargróska – hæfni – forysta*.

Eins og kom fram í máli Ingibjargar Jónasdóttur er þetta þing enn í minnum haft þar sem það tókst með eindæmum vel undir strykri stjórn Sirrýjar. Auk þessa hefur Sirrý átt sæti í nokkrum alþjóðanefndum og sótt fjölda þinga á vegum DKG í gegnum tíðina.

Fundarlok Árný slökkti á kertunum þremur og sleit fundi klukkan 21:30. Hún þakkaði Sirrý fyrir einstaklega höfðinglegar móttökur og færði henni rósavönd frá Gammasysturum í tilefni afmælisins. Eftir það sungum við saman nokkur lög undir styrkri stjórn Þórunnar og þar á meðal hin fallegu lög og ljóð *Tíu rauðar rósir og Trúmennska* í þýðingu Eyglóar Eyjólfssdóttur.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.